

Frumvarp til laga um Sjónstöðina

Auðlesin útgáfa

Þessi auðlesni texti er til að gefa þér upplýsingar.

Þessi auðlesni texti er viðbót við frumvarpið.

Textinn sem gildir er frumvarpið.

Þessi auðlesni texti er **ekki** lagalega bindandi.

Frumvarp er tillaga að lögum.

Þegar Alþingi samþykkir frumvarp verður það að lögum á Íslandi.

Í þessu skjali er Félags- og húsnæðis-mála-ráðherra kallaður **Ráðherra**.

Ráðherra vill breyta lögum númer 160/2008.

Lög númer 160/2008 fjalla um stofnun sem heitir:

þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstak einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Mörgum finnst nafnið á stofnuninni vera of langt.

Það er líka erfitt að muna nafnið.

Þess vegna nota flestir nafnið **Sjónstöðin** í staðinn.

Stofnunin heitir samt ennþá langa nafninu.

Ráðherra vill breyta nafninu.

Nú á stofnunin að heita bara: **Sjónstöðin**.

Til að breyta nafninu þarf að breyta lögnum.

Þegar Alþingi samþykkir þetta frumvarp breytist nafnið í: **Sjónstöðin**.

Frumvarpið

Félags- og húsnæðis-mála-ráðherra leggur til að breyta lögnum svona:

1. grein

a) Orðunum: „þjónustu- og þekkingar-miðstöð fyrir“ verður breytt.

Í staðinn á að standa: „stofnun sem þjónustar“.

b) Þetta frumvarp bætir einni setningu við lögin.

Það er setningin: „Heiti stofnunarinnar skal vera **Sjónstöðin**.“

2. grein

c) Orðunum: „þjónustu- og þekkingarmiðstöð“ verður breytt.

Í staðinn á að standa: „**Sjónstöðin**“.

d) Orðinu „Miðstöðin“ verður breytt.

Í staðinn á að standa: „Stofnunin“.

e) Orðinu „miðstöðvarinnar“ verður breytt.

Í staðinn á að standa: „stofnunarinnar“.

3. grein

Lögin eiga að heita: **Lög um Sjónstöðina**.

4. grein

Þegar Alþingi samþykkir þetta frumvarp verður frumvarpið að lögum á Íslandi.

Um frumvarpið

1. Inngangur

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er mjög langt nafn á stofnun.

Þess vegna kalla flestir stofnunina bara **Sjónstöðina**.

Til dæmis:

- Notendur stofnunarinnar
- Augnlæknar
- Starfsfólk stofnunarinnar.

Fólk í Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytinu skrifaði þetta frumvarp.

Frumvarpið breytir nafninu á stofnunni í **Sjónstöðina**.

Sjónstöðin er einfaldara nafn.

Áður en stofnunin fékk langa nafnið hafði hún tvö nöfn:

1. Þjónustu- og endurhæfingar-stöð sjónskertra
2. Sjónstöð Íslands

Svo fékk stofnunin langa nafnið.

Samt kallaði fólk stofnunina **Sjónstöðina**.

2. Til hvers að breyta lögunum?

Það eru nokkrar ástæður fyrir því að breyta lögunum.

Langt nafn

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er mjög langt nafn á stofnun.

Langa nafnið er samtals 13 orð.

Langa nafnið er samtals 90 bókstafir.

Fáir nota langa nafnið.

Flestir segja bara: **Sjónstöðin**.

Óvenjulegt nafn

Langa nafnið er mjög óvenjulegt.

Aðrar stofnanir eru **ekki** með svona löng nöfn.

Það þarf **ekki** að telja upp alla hópana sem stofnunin aðstoðar.

Aðrar stofnanir gera það **ekki** heldur.

Sjónstöðin er gott nafn

Sjónstöðin er mjög gott nafn.

Sjónstöðin lýsir því hvað stofnunin gerir.

Notendur segja oftast bara: **Sjónstöðin**.

Stofnunin notar nafnið Sjónstöðin

Stofnunin notar sjálf nafnið **Sjónstöðin**.

Til dæmis á heimasíðu sinni.

Stofnunin heitir samt ekki **Sjónstöðin** í lögum.

3. Aðalatriði frumvarpsins

Frumvarpið snýst um að breyta því hvað stofnunin heitir.

Nú á stofnunin að heita: **Sjónstöðin**.

Sjónstöðin er nafnið sem flestir nota hvort sem er.

Það er einfaldara fyrir alla að stofnunin heiti **Sjónstöðin**.

4. Stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar

Sá sem skrifar frumvarp þarf að passa upp á ýmislegt.

Til dæmis að frumvarpið brjóti ekki gegn stjórnarskrá Íslands.

Stjórnarskrá Íslands er lög sem öll önnur lög þurfa að passa við.

Það þarf líka að passa að frumvarpið brjóti ekki gegn því sem Ísland hefur lofað öðrum löndum að gera.

Þetta frumvarp er bara til að einfalda nafnið á stofnuninni.

Þess vegna brýtur frumvarpið **ekki** gegn stjórnarskránni.

Frumvarpið brýtur heldur **ekki** gegn því sem Ísland hefur lofað.

5. Samráð

Stofnunin vill sjálf breyta nafninu í **Sjónstöðin**.

Samráðs-nefnd um málefni fatlaðs fólks var sammála því að breyta nafninu.

Samráðs-nefndin er hópur sem passar að skoðun fatlaðs fólks heyrist.

5. Hvaða áhrif hefur frumvarpið?

Það þarf **ekki** að breyta neinu nema nafninu.

Sjónstöðin er búin að breyta nafninu hjá sér.

Sjónstöðin þarf **ekki** að eyða miklum peningum.

Ríkið þarf **ekki** að eyða miklum peningum